



Biskup Íslands

Reykjavík, 22. febrúar 2007

Til ritstjórnar Kompáss

cc. Ari Edwald, framkvæmdastjóra 365 miðla

Athugasemd vegna umfjöllunar Kompáss 18. febrúar síðastliðinn.

Í Kompás þætti sunnudaginn 18. febrúar var fjallað um stöðu Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Ég geri hér með alvarlegar athugasemdir við ritstjórnarlega vinnu þáttarins. Veldur það mér vonbrigðum og umhugsun þegar í hlut á verðlaunaður fréttaskýringabáttur. Þar koma ítrekað fram undarlegar fullyrðingar eignaðar Þjóðkirkjunni og misvísandi upplýsingar. Þá finnst mér áberandi skortur á gagnrýnum spurningum þegar stór orð eru viðhöfð um Þjóðkirkjuna. Ég geri grein fyrir þessum athugasendum í fylgiskjali.

Ég er tilbúinn að ræða nánar við forsvarsmenn 365 miðla um þessa gagnrýni mína á þá umfjöllun sem Þjóðkirkjan fékk í umræddu þætti og ég geri að umtalsefn. Ég tel fjölmíðla gegna veigamiklu hlutverki í samfélagi okkar til að upplýsa, fræða og taka til umfjöllunar mál líðandi stundar. Þjóðkirkjan er ekki hafin yfir gagnrýni fremur en annað í samfélagi okkar en gagnrýni þarf að vera fagleg og trúverðug. Ég tel að þess hafa alls ekki verið gætt í umræddum þætti.

Til að áréttu hversu mikilvægt ég tel að fjölmíðlar eins og 365 miðlar hafi haldgóða innsýn í málefni Þjóðkirkjunnar er Biskupsstofa reiðubúin að standa fyrir kynningu fyrir fréttafólk, og annað starfsfólk á 365 miðlum, á Þjóðkirkjunni, játningum, skipulagi hennar, hlutverki, þjónustu, helstu áherslum og öðru því er óskað væri eftir.



Virðingarfyllst,

Karl Sigurbjörnsson,

Fylgiskjal: Helstu athugasemdir

Fylgiskjal

Helstu athugasemdir við þáttinn eru þessar:

1) Í kynningu á þættinum segir Sigmundur Ernir Rúnarsson að Kompás taki „þúlsinn á trúarlífi Íslendinga. Ríkiskirkjan er harðlega gagnrýnd fyrir að vera orðin málsvari misréttis, mannréttindabrota og jafnvel ókristilegra sjónarmiða.“

Í fyrsta lagi fjallar þátturinn alls ekki um trúarlíf Íslendinga, og þar er enginn þúlur tekinn. En í þessum orðum er einnig strax tekið undir málflutning sem einn maður hefur aðallega staðið fyrir og hans orð notuð.

Í faglegri umræðu er orðið „ríkiskirkja“ notað um kirkjur sem ekki hafa stjórn eigin mála. Svo er ekki um Þjóðkirkjuna. Hún er skilgreind í lögum sem sjálfstætt trúfélag. Hún lýtur eigin stjórn sinna mála, þar með talið fjármálum og nýtur eignhelgi. Söfmuðir hennar velja sjálfir sína starfsmenn, ráðstafa eigin fé og hafa sjálfræði um eigin mál. Fjármálum hennar er skipað með lögum og með samningum. Þjóðkirkjan er trúfélag sem skilgreint er sem þjóðkirkja en er ekki ríkisstofnun, og orðanotkun prests Fríkirkjunnar í Reykjavík, sem mjög er tekið undir í þættinum, er áróðursorð.

2) Kristinn Hrafnsson fréttamaður hefur síðan þáttinn á að segja: „Það fjarar undan Þjóðkirkjunni.“ Skilningur hans á að það „fjari undan“ byggist á því að hlutfall Þjóðkirkjufólks af skráðum íbúum landsins fer minnkandi. Af máli hans er hvorki hægt að skilja að í raun fjölgar í Þjóðkirkjunni tölulega né heldur að stórar breytingar milli ára eru vegna þess að hingað hefur komið erlent vinnafl til að starfa m.a. við Kárahnjúka og sést þetta glöggjt ef samanburðartölur úr prestaköllum á Austurlandi eru skoðaðar. Þessar upplýsingar hafði fréttamaður en kaus að nota ekki. Hann gerir því framtíðarspá þar sem hann tekur ekki tillit til ástæðna fjölgunarinnar og klippir að stórum hluta út skyringar mínar þar sem ég lýsti þessari stöðu.

3) Síðan heldur fréttamaður áfram og tiltekur að kirkjan sé ásokuð um sögufölsun, mannréttindabrot, misrétti og andkristileg sjónarmið. Þetta er stór orð og þau eru að stóru leyti aðeins studd af einum viðmælanda sem er prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík. Þátturinn er reyndar allur mjög mótaður af hans orðræðu og uppsláttarorðum og engri gagnrýnum spurningum beint til hans.

4) Ég var einn málsvari Þjóðkirkjunnar í þættinum. Annað voru viðtöl sem að stórum hluta voru neikvæð gagnrýni á stöðu og verkefni Þjóðkirkjunnar, studd af afar hlutdrægu orðalagi dagskrárgerðamanns.

„státar sig af að vera fulltrúi hins eina siðar“

5) Í upphafi innslagsins kemur eftirfarandi setning um Þjóðkirkjuna: „[sem] státar sig af því að vera fulltrúi hins eina siðar sem samþykkt var að innleiða fyrir 1000 árum.“

Þetta er röng fullyrðing sem sýnir mikla fordóma gagnvart Þjóðkirkjunni. Hér eru henni gerðar upp skoðanir sem kirkjudeild sem eru engan veginn studdar í viðtali við eina fulltrúa þjóðkirkjunnar í þættinum. Allar kristnar kirkjudeildir á Íslandi eru fulltrúar hins sama kristna siðar. Kirkja Jesú Krists á sér mörg birtingarform.

6) Orðanotkun þegar fjallað er um kirkjudeildir lýsir fáfræði. Rétt er að benda á að orðið fríkirkja á við um fleiri en lúthersku fríkirkjurnar. Fríkirkjur á Íslandi eru fjölmargar.

„andsvær ríkiskirkju á fallandi fæti“

7) Þegar fjallað var um „Vinaleiðina“ er sagt í inngangi: „þetta er gagnrýnt sem illa dulbúið trúboð, ef til vill andsvær ríkiskirkju á fallandi fæti“. Síðari hluti þessarar setningar á sér ekki stuðning í umræðu þáttarins og hlýtur því að teljast enn eitt dæmið um hlutdrægt málfar þáttagerðarmanns. Þá má benda á að allsherjargoði fékk eftirfarandi spurningu frá fréttamanni: „Ertu sammála því að þetta sé birtingarform Þjóðkirkju í nauðvörn?“

Í þættinum var nokkurra mínumána innslag við eina foreldrið í Garðabæ sem hefur hamast gegn Vinaleiðinni en ekki tekið viðtal við þau sem standa að Vinaleiðinni fyrir hönd kirkjunnar í Garðabæ, þó að þáttagerðarmanni hefði verið bent á það, né einhvern fulltrúa þeirra fjölmörgu foreldra eða skólastjórnenda sem sannarlega hafa lýst ánægju sinni með þetta starf. Vinaleiðin var því kynnt í þættinum af fréttamanni sem „nauðvörn“. Hið rétta er að kirkjan svarar þarna kalli umhverfisins, þetta er ekki merki um stirða stofnun í nauð heldur lifandi kirkju sem vex í starfi og lætur sér annt um sóknarbörn sín og er tilbúin að bregðast við þörf.

„Gróft misrétti“

8) Önnur fullyrðing fréttamanns kemur þegar fjallað er um fjármagn til Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga er hann segir: „Trúfélögum, öðrum en Þjóðkirkjunni, þykir gróft misrétti fólgíð í framlögum úr ríkiskassanum.“ Orðin „gróft misrétti“ hafa í þessari umræðu hingað til aðeins verið notuð af einum manni, sr. Hirti Magna Jóhannssyni, og eru aðeins studd af honum í þættinum.

Ég greini m.a.s. frá því að Þjóðkirkjan hafi hvatt stjórnvöld til að jafna stöðu trúfélaga. Í inngangi að því dregur stjórnandi þáttarins úr þeim orðum með því að segja að biskup taki „að nokku“ undir. Ég sagði frá því sem Þjóðkirkjan hefur hvatt til og segi um aukið jafnræði: „Ég myndi fagna því.“ Aftur verður ekki betur séð en fordómar þáttagerðarmannsins ráði fór í orðavali með úrdrætti hans.

Ásatruarmenn hafa sótt mál fyrir dómstólum og er minnst á það í þættinum. Það mál snýr ekki að eignum kirkjunnar, þ.e. kirkjujörðunum, heldur að öðrum sjóðum en það kom ekki fram, heldur var öllu blandað saman.

Að kalla Fríkirkjuna í Reykjavík „trúfélög, önnur en Þjóðkirkjan“ er fulllangt seilst í ljósi þess að skráð trúfélög eru um 30 hér á landi. Og fulltrúi næst stærsta trúfélagsins á Íslandi, sr. Jakob Rolland, segir í þættinum að ef ríkið vildi auka sín framlög væri hann ekki á móti því „en við erum ekki að fara fram á það.“

Hvergi er í þættinum minnt á þá staðreynd að Þjóðkirkjan starfar um allt land og hefur söfnuði og húsnæði um allt land, er skuldbundin til að þjónustu um allt land. Sú sérstaða hlýtur að hafa eitthvað að segja um heildarmyndina ef áhugi er að benda á hana.

Gildishlaðnar spurningar:

9) Eftirfarandi uppritun er úr þættinum sem sýnir vel hve gagnrýnislaust fréttamaðurinn ræðir við prest Fríkirkjunnar í Reykjavík:

HMJ: Allt það sem Þjóðkirkjan gerir í skjóli þessarar mismununar fær á sig skugga, sama hvað hún gerir, jafnvel hluti eins og hjálparstarf kirkjunnar eða þessi vinaleið sem oft er rætt um, hversu fagrar hugmyndir sem liggja þar að baki, það ber skugga á þetta allt saman vegna þessarar grundvallarmismununar og að menn koma ekki saman þarna á jafnræðisgrunni.

KH: Og hvernig rímar þetta boðskapinn sem verið er að breiða út?

HMJ: Það rímar alls ekki.

KH: Hannig að verndun og réttlæting á forröttindastöðu Þjóðkirkjunnar – hún er ekki í kristilegum anda?

Síðar fullyrðir fríkirkjupresturinn: „því hefur verði haldið að þjóðinni að ef Þjóðkirkjan yrði lögð til hliðar, ef það yrðu jöfnuð staða trúfélaga á landinu að þá færi allt fjandans til, ef að það væri hnippa við þjóðkirkjunni. Það er dapurlegt að halda slíku fram og það á ekki að bjóða upplýstu nútímafólkvi svona rök.“

KH: Þetta er óttaboðskapur.

HMJ: Þetta er óttaboðskapur og miðast við viðhald Þjóðkirkjunnar. En kristni og kristin trú er miklu og margfalt meira en ríkisrekin trúmálastofnun.

Í ljósi þess að spyrjandinn hefur orð mín við því hvað breytist – „það hefði mikil áhrif á Þjóðkirkjuna og það hefði líka mikil áhrif – held ég – á uppbyggingu íslensks þjóðfélags“ þá er ótrúlegt að hann skuli leggja fríkirkjupresti orðið **óttaboðskapur** í munn. Hefði ekki verið eðlilegt að spyrja hvað hann hefði fyrir sér í þessu?

Púsund ár

10) Undarlegur kafli undir lok þáttar er þegar fréttamaður dregur fram bækling er ber yfirskriftina Þjóðkirkja í þúsund ár og segir „það er umdeild söguskoðun að tala um þúsund ára samfellu á forsendum Þjóðkirkjunnar. En biskup stendur við sína sögutulkun og víesar því á bug að hann sé að **skreyta sig með stolnum fjöðrum.**“

Þetta finnst mér gróflega meiðandi orðalag. Bæklingurinn fjallar um samfellu í sögu kristni hér á landi, þráð sem ekki rofnar þrátt fyrir breytingar í umhverfi kirkjunnar. Hann gerir á hefðbundinn hátt grein fyrir kristnitöku, kapólsku kirkjunni og siðbreytingunni á 16. öld. Í kaflanum um samhengi trúarinnar stendur: „Hvort sem kirkjan laut páfanum í Róm eða valdi kóngsins í Kaupmannahöfn, hvort sem hún taldist rómversk-kapólsk eða evangelísk-lúthersk, var hún þjóðkirkja, kirkja og þjóð voru eitt, saga og örlog samofin svo vart verður að skilið.“ Síðan er rakið hvernig starf og starfsfólk hins rómversk kapólska siðar færðist yfir á lútherskan sið og hvernig þetta samhengi kirkjusögunnar birtist í því að hér hafa börn verði skírð, hér hefur brauð verið brotið í kirkjunni og trú boðuð í þúsund ár. Hvernig sömu prestarnir héldu áfram starfi við siðbreytingu þegar þjóðin aðlagðist lútherskum sið smátt og smátt.

Sagt er frá annarri þróun, þar á meðal stofnun fríkirkjusafnaða fyrir um 100 árum og endurkomu kapólsku kirkjunnar til Íslands. Síðan er sagt frá skipulagi Þjóðkirkjunnar á 20. öld og breytingum þar á, starfi hennar og þjónustu.

EKKI verður skilið hvernig þáttastjórnandinn getur dregið þá ályktun af lestri þessa bæklings að biskup Íslands haldi því fram að þjóðin hafi fylgt lútherskum sið frá upphafi og borið mér á brýn sögufölsun. Hins vegar er hann þarna að hafa eftir presti Fríkirkjunnar í Reykjavík sem af einhverjum ástæðum hefur haldið þessu fram. Það sýnir enn hve gagnrýnislaust þáttagerðamaðurinn tekur þeim viðhorfum, þegar þau eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.

Þjóðkirkja er til sem sérnavn og sem samheiti. Í þessu tilfelli kemur skýrt fram að verið er að tala um samleið og samhengi kirkju og þjóðar í þúsund ár – þjóðkirkju.

„Djöfulleg“

11) Eftirfarandi kafli kemur síðan í lok myndar frá presti Fríkirkjunnar í Reykjavík þar sem Þjóðkirkjan er sökuð um að vera djöfulleg, stórhættuleg og hvetja til skurðgoðadýrkunar. Spyrillinn spyr sem fyrr ekki einnar gagnrýnnar spurningar en lætur orðin standa: „Hver sú trúarstofnun sem telur sig hafa höndlað sannleikann hún verður um leið stórhættuleg, ef ekki bara djöfulleg. Það er ekki okkar að vera óbreytanleg, Guð einn er óbreytanlegur. Stofnunin sjálf á að breytast. Ef hún gerir það ekki og fer að láta fólk dýrka sig í stað Guðs þá er hún að brjóta fyrsta boðorðið sem segir þú skalt ekki aðra hafa.“

Þetta er ótrúleg yfirlýsing og makalaust að fréttamaður skuli láta hana standa án þess að bregðast við.

Að lokum

Fréttamaður gerði grein fyrir því í bréfi til upplýsingasviðs Biskupsstofu þegar þátturinn var í undirbúningi að hann ætlaði meðal annars að spyrja um eftirtalin atriði í þessum þætti, sem gaf til kynna að það væri umfjöllunarefni hans:

- Jafnstaða eða meint misrétti í fjárfamlögum ríkisins til Þjóðkirkjunnar.
- Ásakanir um mismunun og brot á jafnrædis- og trúfrelsisreglunni
- Nýgerður samningur ríkis og kirkju um jarðir og ríkisframlag. Sögulegar forsendur og sanngirni

- Stjórnarskrárbundin sérstaða Þjóðkirkjunnar. Eru mótsagnir í stjórnarskrá? Getur þjóðkirkjan séð af þessu sérákvæði? 62. gr.

- Fullur aðskilnaður ríkis og kirkju.

Allt eru þetta góðar og gildar spurningar sem verðskulda faglega umfjöllun, umræðu og heiðarleg skoðanaskipti. Hér var farin sú leið að halda sig við sleggjudóma og slagorðaglamur.

Gera verður þær kröfur til þáttar sem vill láta taka sig alvarlega sem rannsóknar- og fréttaskýringapáttur og hefur hlotið verðlaun Blaðamannafélags Íslands fyrir það, að þar sé vandað til verka. Það hlýtur að merkja að fjallað sé málefnalega, af hlutlægni og heiðarleik um mál sem tekin eru til skoðunar. Því var ekki til að dreifa í þessum þætti, og hlýtur að vekja spurningar um ritstjórnarleg vinnubrögð almennt.